

Jón Hilmar Jónsson

Staða orðasambanda í orðabókarlýsingu

1 Orðasambönd sem einingar og viðfangsefni í orðabókum

Orðasambönd af ýmsu tagi eru mikilvægar einingar í flestum almennum orðabókum. Hlutverk þeirra í orðabókartextanum er oft í því fólgið að vitna um notkunareinkenni orðsins sem verið er að lýsa, gjarna til glöggvunar á umsögn um merkingu þess eða tiltekið merkingarafbrigði. En orðasambönd geta einnig verið tilgreind sem sjálfstæðar einingar, óháð merkingarlegri flokkun og greiningu. Hér ræður mestu hvers eðlis orðasambandið er, sjálfstæði þess er að öðru jöfnu meira því fastmótaðra sem það er og því sjálfstæðari merkingu sem það hefur gagnvart orðunum sem það er myndað úr. Önnur hlið málsins er sú að fastmótuð og sjálfstæð orðasambönd hafa meira og skýrara uppflettigildi en þau sem lausari eru í sér, og notendur geta fremur vænst þess að finna þau í orðabókartextanum. Á hinn bóginn getur verið óljósara hvar slíkum orðasamböndum er fyrir komið, bæði gagnvart flettiorðaskipan orðabókarinnar og innan þeirrar efnisskipunar sem höfð er á lýsingu viðkomandi flettiorðs. Það hefur því löngum verið vandkvæðum bundið að ganga að tilteknum orðasamböndum vísun í almennri orðabókarlýsingu og að sama skapi reynst torvelt að fá yfirsýn um notkun og stöðu einstakra orða í slíkum samböndum. Þessi vandi snýr einnig að þeim sem skipar efni orðabókarinnar og semur orðabókartextann og veldur því að hlutur orðasambanda verður víðast óskýrari og rýrari en vera ætti og margir notendur vildu. Af þessum sökum hafa verið samdar orðabækur um orðasambönd sérstaklega, þar sem þeim eru gerð rækilegri skil en kostur er á í almennri orðabókarlýsingu (sjá m.a. Cowie 1998: 15–18, 209–228).

Um þetta efni verður nánar fjallað í þeirri grein sem hér fer á eftir. Fyrst verður vikið að tengslum orðasambanda og notkunardæma en síðan gerð grein fyrir formi og framsetningu orðasambanda í orðabókum. Þá verður fjallað um stöðu orðasambanda í orðbundinni orðabókarlýsingu, bæði gagnvart skipan flettiorða og innri skipan orðlýsingarinnar. Þar er annars vegar um að ræða almenna merkingarmiðaða lýsingu, þar sem merking og merkingarfjölbreytni orðsins er í fyrirrúmi, hins vegar orðtengslamiðaða

lýsingu, þar sem setningarlegt umhverfi orðsins og notkun þess í orðasamböndum er meginviðfangsefnið.

Loks verður hugað að stöðu orðasambanda gagnvart hugtakabundinni orðabókarlýsingu, þar sem merkingin er hinn sameinandi þáttur hvernar flettu en ekki flettiorðið í sínum ytri búningi, og gerð grein fyrir því að hvaða leyti hún er ólík því sem gildir um orðbundna lýsingu. Fjallað verður um val og framsetningu orðasambanda í orðabók af því tagi og um innbyrðis skipan orðasambandanna, bæði innan orðabókartextans og sem uppflettieininga utan textans.

Samanburður orðbundinnar og hugtakabundinnar lýsingar miðast einkum við einkenni tveggja orðabókarverka sem höfundur hefur fengist við. Annað þeirra, og fulltrúi fyrrnefndu gerðarinnar, er *Orðastaður* (1994). Hitt verkið er orðabók um orðasambönd í hugtakasamhengi, sem höfundur vinnur nú að og líta má á sem óbeint framhald á þeirri lýsingu sem birt er í *Orðastað*.

1.1 Orðasambönd og notkunardæmi

Mörkin á milli orðasambanda og notkunardæma eru ekki fullkomlega skýr og í íslenskum orðabókum hafa þessir tveir efnisþættir blandast mjög saman (sjá m.a. Jón Hilmar Jónsson 1995 og 1998). Meginmunurinn er í því fölginn að notkunardæmi eiga að birta eins konar svipmyndir af notkun orðanna við raunverulegar eða hugsaðar aðstæður, orðasambönd eru hins vegar setningarlegar einingar tveggja eða fleiri orða sem eiga oft og reglulega samleið. Notkunardæmi eru oftast en ekki heil setning eða enn stærri setningarleg heild, orðasambönd eru oftast nær aðeins setningarhluti. Notkunardæmi hafa iðulega í sér fölgnað margþættar upplýsingar, svo sem um málfræðileg einkenni, merkingarblæ, afstöðu til þess sem um er rætt o.s.frv., jafnvel umfram það sem beinlínis er verið að draga fram sem einkenni orðsins. Þetta á sérstaklega við þegar dæmi eru sótt í orðrétttri mynd til tilgreindra heimilda. Orðasambönd eru ekki eins lausbeisluð að þessu leyti og framsetning þeirra lýtur í ríkari mæli mati og markmiðum þess sem semur orðabókartextann. En upplýsingagildi þeirra getur líka verið margþætt og þegar þeim er ætlað að komast sem næst því að endurspegla eiginlega málnotkun getur verið matsatriði hvort um er að ræða orðasamband eða notkunardæmi í knöppu formi.

1.2 Form og framsetning orðasambanda

Ekki liggur alltaf í augum uppi hvernig best fer á að setja orðasambönd fram. Fyrst er að nefna að mörg orðasambönd eru að einhverju leyti óstöðug að formi, þannig að tilteknir liðir eru ýmist breytilegir eða valfrjálsir. Í annan stað getur verið erfitt að afmarka orðasambönd sem eru samofin stærri heild. Í þriðja lagi er álitamál hversu miklar og skýrar upplýsingar skuli felast í orðasamböndunum sjálfum um setningarleg og merkingarleg einkenni þeirra og stöðu þeirra í víðara textasamhengi. Þar kemur m.a. til álita hvort orðasambönd skuli eftir föngum sett fram í óvirku formi, þ.e. sem mest óháð notkun þeirra við raunverulegar málnotkunaraðstæður, eða þau séu látin bera svip af virkri og lifandi málnotkun.

1.2.1 Festa og breytileiki

Mörg orðasambönd eru þess eðlis að augljóst má þykja hvernig þau skuli sett fram:

bera klæði á vopnin
 leggja spilin á borðið
 koma af fjöllum
 af sjálfsdádum
 í einu vetfangi
 að bragði
 um hæl
 til bráðabirgða
 með hangandi hendi
 bíða bana
 sofa eins og steinn
 gefast upp

Þótt hér sé um sundurleit sambönd að ræða eiga þau það sameiginlegt að vera vel afmarkaðar og fastmótaðar einingar sem beint liggur við að tilgreina á þann hátt sem hér er gert. En önnur orðasambönd eru lausari í sér og hafa að geyma breytilega liði:

bera *eitthvað* úr bítum
 bera *hag félagsins* fyrir brjósti
 bera *hana* á höndum sér
 bera *honum ágætlega* söguna
 bera beinin *fjarri ættjörð sinni*
 bera fyrir sig *minnisleysi*

Þegar um slíkan breytileika er að ræða (breytilegir liðir eru skálettraðir) er ekki jafn augljóst hvernig framsetningunni skuli háttað. Algengt snið er að sýna breytileika í nafnliðum með skammstöfunum óákveðna fornafnsins *einhver*:

bera e–ð úr bítum
 bera e–ð fyrir brjósti
 bera e–n á höndum sér
 bera e–ð fyrir sig

Á sama hátt má hugsa sér að tákna breytilega atviksliði með eins konar samnefnarmynd þeirrar merkingar sem fólgin er í atviksliðnum:

bera e-m *vel* söguna
 bera beinin *þar*

1.2.2 Afmarkaðir breytliðir

Þótt þessi framsetning veiti nægar upplýsingar um setningarleg einkenni (fallstjórn) og sýni að um breytileika er að ræða kemur ekki skýrt fram hvers eðlis hinir breytilegu nafnliðir eru. Til að draga þau einkenni skýrar fram má fara þá leið að tilgreina fulltrúa breytliðanna innan sérstakra afmörkunartákna:

bera <mikið> úr bítum
bera <hag félagsins> fyrir brjósti
bera <hann, hana> á höndum sér
bera <honum, henni> <vel> söguna
bera beinin <fjarri ættjörð sinni>
bera fyrir sig <minnisleysi>

Þessi aðferð er að mestu ráðandi við framsetningu orðasambanda í orðabókinni Orðastað, og sá sem þetta ritar hefur síðan beitt henni við lýsingu orðasambanda í öðru samhengi eins og nánar mun koma fram hér á eftir. Með þessari framsetningu er leitast við að færa orðasamböndin nær eiginlegri málnotkun, m.a. með því að nota persónuformöfn 3. persónu í stað fornafnsins *einhver* þegar vísað er til lifandi fólks. Með þessu móti fá orðasamböndin að vissu leyti svip notkunardæma en það gefur um leið færi á því að draga ný og skýrari mörk milli orðasambanda og dæma í orðabókartextanum (sjá nánar Jón Hilmar Jónsson 1999). Í Orðastað eru notkunardæmi minnst heil setning og aðgreind frá orðasamböndum með skáletri:

eiga erfitt með <þetta> *ég á erfitt með að setta mig við þessa niðurstöðu, hún hefur lengi átt erfitt með svefn*

Notkun breytliða í orðasamböndum býður upp á þann möguleika að sýna tilbrigði innan liðarins í stað þess að velja aðeins einn fulltrúa. Um það eru reyndar dæmi hér að ofan þar sem bæði karlkyn og kvenkyn 3. persónu fornafnsins er látið koma fram. Það er einkum gert til að gæta jafnvægis milli kynjanna (auk þess sem karlkynsmyndin *hann* dugir ekki til fallmörkunar). Meira gildi hefur að geta sýnt stigbundinn breytileika á þennan hátt:

bera <mikið, lítið> úr bítum
bera <honum, henni> <vel, illa> söguna

Og ekkert er því til fyrirstöðu að ganga lengra og láta breytliði rúma frjálsari tilbrigði:

bera fyrir sig <minnisleysi, lasleika, tímaskort>

Segja má að þessi aðferð sameini einkenni orðasambanda og notkunardæma. Hinn fast kjarni orðasambandsins er aðgreindur frá breytliðnum en tilbrigði breytliðarins eru eins konar samþjöppuð notkunardæmi í fastri umgjörð sem draga að sér athygli notandans sem sá þáttur sem mestu skiptir.

Breytliðirnir í dæmunum hér að framan eru bundnir við sagnliði og atviksliði innan setningar en framlagsliður setningar getur einnig verið breytilegur og þar með kallað á sams konar framsetningu:

<fyrirtækið, stofnunin, reksturinn> stendur á brauðfótum
 <tilraunin, sættin> fer úr um þúfur
 <starfsemin, námskeiðið> fer úr böndunum

Með því að setja frumlagsliðinn fram sem breytilið, eins og hér er gert, er hægt að marka sérstöðu þeirra sambanda þar sem frumlagsliðurinn vísar til hluta og fyrirbæra gagnvart samböndum sem bundin eru vísun til persónu, og láta þá hin síðarnefndu koma fram í nafnháttarmynd sagnarinnar án tilgreinds frumlags, eins og dæmi voru sýnd um hér að framan. Þegar um ópersónulegar sagnir með aukafallsfrumlagi er að ræða verður þó ekki hjá því komist að tilgreina frumlagsliðinn beint:

<hann, hana> rekur upp á sker
 <honum, henni> fallast hendur

1.2.3 Valfrjálsir liðir og bundnir kostir

Algengt er að orðasambönd séu breytileg á þann hátt að tiltekinn liður er ýmist hluti orðasambandsins eða ekki. Þetta er t.d. algengt þegar orðasambandið inniheldur neitun:

taka <þetta> í mál
 taka <þetta> ekki í mál
 láta þar við sitja
 láta ekki þar við sitja
 rasa um ráð fram
 rasa ekki um ráð fram
 sitja auðum höndum
 sitja ekki auðum höndum
 ...

Áþekk staða er uppi þegar um bundna kosti er að ræða, þar sem velja má á milli tveggja eða fáeinna afbrigða tiltekins liðar innan orðasambandsins án þess að merkingin raskist. Slíkur breytileiki getur varðað mismunandi orðmyndir ákveðins orðs:

halda <þessu> á loft
 halda <þessu> á lofti
 hopa á hæl
 hopa á hæli
 leggja niður vopn
 leggja niður vopnin
 halda í tauminn
 halda í taumana

En oftar er breytileikinn orðkvæður, þ.e. kemur fram í mismunandi orðum innan sambandsins:

koma af fjöllum
 koma úr fjöllum
 leggja á langan og seigan
 leggja á langan og seinan
 leggja höfuðið í bleyti
 leggja hausinn í bleyti
 leggja niður skottið
 leggja niður rófunu
 renna upp eins og fífill í haga
 renna upp eins og fífill í túni

Hér þarf að taka afstöðu til þess hvort slíkur breytileiki eigi að koma fram að miklu eða öllu leyti eða hvort óhætt sé að horfa fram hjá honum að mestu. Eins og í fleiri efnum ræðst afstaðan að réttu lagi af því hvers konar orðabókarlýsingu verið er að fást við og til hvers konar notkunar er hugsað. En að því er varðar formið sem slíkt getur verið hentugt að sameina samstæð tilbrigði á einfaldan hátt eins og gróin hefð er fyrir í orðabókum:

taka <þetta> (ekki) í mál
 sitja (ekki) auðum höndum
 halda <þessu> á loft(i)
 leggja niður vopn(in)
 halda í tauminn/taumana
 koma af/úr fjöllum
 leggja niður skottið/rófuna

2 Orðasambönd í orðbundinni orðabókarlýsingu

Með orðbundinni orðabókarlýsingu er átt við lýsingu sem beinist að einkennum einstakra (oftast stafrófsraðaðra) flettiorða sem hvert um sig myndar afmarkaða heild í orðabókartextanum. Lýsingin á við flettiorðið í sínum ytri búningi, hvort sem verið er að fást við merkingu þess, setningarumhverfi eða önnur einkenni. Í slíkri lýsingu koma orðasambönd einkum fram sem drættir í þeirri mynd sem dregin er upp af flettiorðunum en eru síður sýnileg sem sjálfstæð efnisatriði sem að sínu leyti útheimta eigin lýsingu. Að vísu getur átt við að tilgreina einstöku föst orðasambönd meðal stakra flettiorða (einyrtra flettna) sem tví- eða fleiryrtar flettur, en sá kostur er þó sjaldnast nýttur í miklum mæli enda eru vandkvæði á að blanda þannig saman ólíkum flettugerðum.

2.1 Almenn merkingarmiðuð orðabókarlýsing

Í almenntri orðabókarlýsingu fer mest fyrir greinargerð um merkingu flettiorðanna og sú áhersla mótast að miklu leyti efnisskipan almennra orðabóka. Af því leiðir að orðasamböndum er þröngur stakkur skorinn og notendur eiga oft erfitt með að nálgast upplýsingar sem að þeim lúta. Í almennum íslenskum orðabókum er lítil hefð fyrir því að tilgreina orðasambönd meðal flettiorða sem tví- eða fleiryrtar flettur. Sá háttur er þó viðhafður að einhverju marki í ýmsum almennum orðabókum (sbr. *Nordisk leksikografisk ordbok* 30–31 og 118–119 (hugtakið **flerordsenhet**)). Tví- og fleiryrtar flettur eiga einkum rétt á sér meðal einyrtra flettna þegar um föst og óbreytanleg orðasambönd er að ræða og fremsta orðið er skýrt og greinilegt upphafsorð sambandsins. Þetta gæti t.d. átt við um eftirfarandi sambönd sem öll hefjast á smáorðinu í:

í bili
í bítíð
í bráð
í burtu
í fyrra
í fyrramálið
í gær
í hvívetna

Þegar upphafsorðið er óskýrt eða breytilegt á þessi háttur síður við:

rjúka upp til handa og fóta
stökkva upp til handa og fóta
þjóta upp til handa og fóta

Allur breytileiki innan orðasambanda stendur raunar í vegi fyrir því að þeim verði almennt skipað meðal einyrtra flettna. En þar að auki er aðeins hluti orðasambanda sambærilegur við einyrði að því leyti að þau útheimti beinar merkingarskýringar.

2.1.1 Tenging við flettuskrá

Hvað sem líður þeim möguleika að gera stöku orðasambönd að beinum flettum er meginreglan sú að skipa orðasamböndum undir flettimynd einhvers þeirra orða sem viðkomandi orðasamband hefur að geyma. Þegar orðasambandið er í skýrum merkingartengslum við orðin sem það er myndað úr er eðlilegt að það komi fram undir fleiri en einu flettiorði. Þetta á t.d. við um ýmsar orðastæður:

láta (<vel, illa>) að stjórn
tala (<málið>) reiprennandi
vera snar í snúningum
djúpstæður ágreiningur

Í slíkum tilvikum er öðrum þræði verið að sýna merkingu flettiorðsins með áþreifanlegu dæmi (eins og gæti átt við um orðin *reiprennandi* og *djúpstæður* í dæmunum hér á undan) en jafnframt er verið að bregða upp algengum samböndum með flettiorðinu (eins og síðasttalda sambandinu gagnvart nafnorðinu *ágreiningur*).

Orðasambönd með hliðskipuðum liðum geta sömuleiðis komið fram undir hvorum liðnum sem er, eða báðum:

oft og einatt
oft og tíðum
í tíma og ótíma
í sátt og samlyndi
í belg og biðu
ár og síð

Í samböndum sem þessum er ekki hægt að líta svo á að annar liðurinn hafi gildara hlutverk en hinn og að því leyti vegur annað flettiorðið ekki þyngra en hitt. En séu samböndin skoðuð sem föst heild getur fremra orðið þótt eðlilegra flettiorð. Hins vegar getur verið ástæða til að tilgreina orðasambandið (einnig eða eingöngu) undir síðara orðinu þegar það þarfnast athygli af öðrum ástæðum. Þetta á t.d. við um tvö síðastgreindu samböndin hér að ofan. Í nútímamáli er orðið *biða* einkum kunnuglegt í orðasambandinu *í belg og biðu* og því er eðlilegt að sambandsins sé getið undir því orði. Sama máli gegnir um orðið *síð* í orðasambandinu *ár og síð*.

Hlutverk og innbyrðis afstaða orðanna fær þannig ekki alltaf að ráða því hvar orðasamböndum er valinn staður í flettiorðaskránni. Þegar merkingin er meginatriðið í lýsingu orðanna dragast orðasamböndin að þeim orðum sem lítt eða ekki koma fram utan orðasambandsins, hvornig sem sambandi orðanna er háttað að öðru leyti. Þetta á t.d. við um orðin sem auðkennd eru í eftirfarandi samböndum:

taka í *lurginn* á <honum, henni>
fara undan í *flæmingi*
fá makleg *málagjöld*
fara *villur* vegar
ganga *bónleiður* til búðar
<honum, henni> eru *mislagðar* hendur
á *afviknum* stað
einn góðan *veðurdag*

En þegar slíkum aðstæðum er ekki til að dreifa má láta hlutverk orðanna og innbyrðis afstöðu ráða því hvar orðasamböndum er skipað í flettiorðaskránni. Það má gera með því að skipa orðflokkunum í gildisröð, tengja orðasambandið við nafnorð, sé það fyrir hendi, annars sögn, eða þá lýsingarorð, sé hvorki um að ræða nafnorð né sögn, o.s.frv. Þegar gildandi orðflokkur kemur fram í tveimur (eða fleiri) orðum getur gilt sú einfalda regla að færa orðasambandið undir fremra (fremsta) orðið. Önnur viðmiðun er sú að

líta til stöðugleika liðanna og gefa stöðugum liðum meira vægi sem flettiorðum en breytilegum liðum (sjá nánar Burger 1989).

Þegar orðasambandið kallar á sjálfstæða merkingarskýringu er að öðru jöfnu ástæða til að beita slíkum almennum reglum og velja sambandinu eitt ákveðið flettiorð. Aðalatriðið er þó að sama samband skjóti ekki upp kollinum víðar en á einum stað með ósamræmdum og mismunandi skýringum, eins og talsverð brögð hafa verið að í íslenskum orðabókum (sbr. Jón Hilmar Jónsson 1998).

2.1.2 Staða innan orðsgreina

Staða orðasambanda innan orðsgreina er háð ýmsum aðstæðum og ekki síst því hvers konar orðasambönd um er að ræða. Orðastæður og ýmis laustengd orðasambönd eru að jafnaði tilgreind í samhengi við merkingarlýsingu orðsins og mynda þannig sjaldnast afmarkaða heild innan orðsgreinarinnar. Öðru máli getur gegnt um merkingarlega sjálfstæð orðasambönd, svo sem orðtök. Þar er oft erfitt að rekja merkingu orðasambandsins til einstakra merkingarbrigða orðsins og því getur þótt hægara að gera slíkum samböndum sjálfstæð skil. Í íslenskum orðabókum er engin skýr hefð í þessu efni. Heiti á ýmsum helstu líkamshlutum mannsins eru meðal virkustu orða í orðasamböndum. Staða orðasambanda undir þeim orðum í *Íslenskri orðabók* (2. útg. 1983) er til marks um það hvernig reynt hefur verið að takast á við þetta viðfangsefni. Undir orðinu *munur* er orðasamböndunum skipað undir merkingarliðina og þorri þeirra settur undir merkingarbrigðið „sama líffæri sem aðsetur talfæra“ (og er þá vísað til fyrstu merkingar orðsins: „op á höfði manns eða dýrs sem fæðan fer um inn í líkamann, gin, kjaftur, túli“). Undir orðinu *nef* er orðtökum skipað í sérstakan tölulið án annarrar yfirskriftar en táknsins #, sem í fortexta orðabókarinnar fær skýringuna „afleidd eða huglæg merking“. Sami háttur er hafður á í lýsingu orðsins *eyra*. Við orðið *auga* er farin sama leið, nema hvað töluliðurinn fær yfirskriftina „í ýmsum öðrum föstum orðasamböndum, meira og minna afleiddum“ (í stað táknsins #). Orðin *hönd* og *fótur* skera sig úr þessum hópi með því að þar er orðsgreininni skipt í tvo hluta, þar sem sá síðari er takmarkaður við orðasambönd með forsetningu eða atviksorði og viðkomandi forsetningar og atviksorð tilgreind sem yfirskriftir í stafrófsröð. Drýgstur hluti fastra orðasambanda er settur í þennan flokk en önnur (sem ekki hafa að geyma forsetningu eða atviksorð) eru ýmist felld undir aðalmerkingu orðsins (sambönd eins og *e-m fallast hendur*, *binda hendur e-s*) eða skipað undir sérstakan tölulið með „ýmsum afleiddum merkingum“ (svo sem samböndin *fara höllum fæti* og *þótt fætur mínir verði kaldir*).

Notkun stafrófsræðra smáorða í orðasamböndum sem flokkunar- og aðgöngubáttar innan orðsgreina er til marks um hve mikilvægt er að geta gengið að orðasamböndum út frá formlegum einkennum, sérstaklega þegar orðsgreinin er löng og efnismikil og orðasambönd skipa mikið rúm í lýsingunni. Slík efnisskipan er alþekkt í lýsingu sagna og má heita ráðandi í sagnlýsingu íslenskra orðabóka þegar um gildar og efnismiklar sagnir er að ræða.

Orðasambönd verða þannig mjög fyrir þeim árekstri sem óhjákvæmilega verður milli merkingarlegra og formlegra eiginda sem flokkunar- og röðunarþátta í orðlýsingu. Þetta kemur einkar skýrt fram í ýmsum tvímála orðabókum þar sem íslenska er

viðfangsmálið og er m.a. undirrót þess hve sagnlýsingu er þar víðast ábótavant (sbr. Jón Hilmar Jónsson 1995). Hér er þó rétt að geta þess að Íslensk-rússnesk orðabók Bérkovs sker sig úr að þessu leyti með skýrri og nákvæmri efnisskipan, sem m.a. kemur fram í því að hrein orðtök eru skilin frá orðasamböndum sem falla undir smáorð í stafrófsröð og í staðinn skipað í sérstakan orðtakabálk.

2.2 Orðtengslamiðuð orðabókarlýsing

Af framsögðu er ljóst að í almennri orðabókarlýsingu eru ýmis vandkvæði á því að gera orðasamböndum viðhlítandi skil og engin efnisskipan í boði sem veitir yfirsýn um notkun þeirra og fjölbreytni. Vandinn felst m.a. í því að ólíkar tegundir orðasambanda eiga mismikla samleið með flettiorðunum og tengjast þeim á mismunandi forsendum. Þetta verður enn skýrara þegar litið er til þeirra orðabóka þar sem sérstaklega er fengist við orðasambönd og lýsingu þeirra. Orðabækur um orðasambönd eru að vísu af margvíslegu tagi og harla ólíkar innbyrðis en í aðalatriðum er um tvenns konar sjónarhorn að ræða.

Annars vegar geta orðasamböndin sjálf verið hið eiginlega viðfangsefni. Þetta gildir sérstaklega um orðabækur þar sem fjallað er um orðtök (og önnur föst orðasambönd). Lýsingin er þá einkum í því fólgin að skýra og skilgreina merkingu einstakra orðtaka og rekja merkingarsögu þeirra. Þótt orðasamböndin séu í brennidepli ber meginskipanin jafnan svip almennrar orðabókarlýsingar að því leyti að samböndunum er skipað undir stök stafrófsröðuð flettiorð (þar sem gildismat ræður því hvaða orð í sambandinu er valið sem flettiorð þess). Skýrasti fulltrúi þessarar tegundar meðal íslenskra orðabóka er *Mergur málsins* eftir Jón G. Friðjónsson.

Hins vegar eru orðabækur þar sem lýsingin á við flettiorðin og þar sem rakið er hvernig einstök orð koma fram í setningarlegu umhverfi og orðasamböndum. Í mörgum orðabókum af því tagi er lögð áhersla á fjölbreytileika orðasambanda með einstökum flettiorðum, þar sem hvert og eitt orðasamband er tilgreint sem sjálfstæð eining. Í öðrum orðabókum er meginmarkmiðið að lýsa vægi orða, þ.e. því setningarlega umhverfi sem einkennir notkun orðsins.¹ Auk hinna setningarlegu einkenna getur lýsingin einnig rúmað upplýsingar um þær merkingarlegu skorður sem tengslum orðsins við nálæg orð og setningarliði eru settar. Hér eru það ekki orðasamböndin, hvert um sig, sem athyglin beinist að, heldur fremur þeir þættir sem einkenna stöðu og hegðun orðsins í setningarlegu samhengi. Sú lýsing er gjarna sett fram á óhlutstæðan og táknbundinn hátt, án þess að vísað sé til beinna orðasambanda eða þau rakin í heillegri mynd.

Í orðabókinni *Orðastað* er reynt að sameina þessa tvenns konar áherslu, þ.e. tilgreina orðasamböndin sem sjálfstæðar einingar en gera jafnframt grein fyrir setningarlegum og merkingarlegum venslum þeirra við nálæga liði. Þar eru stök orðasambönd fyrirferðarmikil, með eða án breytliða sem vitna um og skýra setningarumhverfið:

<honum, henni> fellur/hefur fallið (<mikill>) heiður í skaut
verða þess heiðurs aðnjótandi að-NH

¹Heitið **vægi** er hér haft um það sem á norrænum málum er nefnt **valens**, á ensku **valency** og á þýsku **Valenz**, sbr. *Nordisk leksikografisk ordbok* (s. 263).

leggja heiður sinn að veði
 heiður <hans, hennar>/<þjóðarinnar> er í veði
 <mér> er heiður að <þessu>
 eiga heiður skilið/skilinn
 <halda veislu> <honum, henni> til heiðurs
 <ljúka verkinu> með heiðri og sóma

En sá háttur er jafnframt hafður á að sameina sambönd með því að fella saman nálæga liði. Þetta er ekki síst gert þegar um er að ræða merkingarlega skylda liði sem talið er að notandinn vilji virða fyrir sér í samfellu:

<stórt, fjölmennt, mannmarkt, barnmarkt; fámennt, lítið> heimili
 <blástirndur, alstirndur, stjörnubjartur> himinn
 vera <alvarlegur, ábúðarmikill, íbygginn ...> á svipinn
 <þetta; verkið> gengur <vel, fljótt, eftir áætlun, að óskum, glatt, greitt ...>

Málfræðileg atriði, svo sem fallmörkun, eru ekki tilgreind sérstaklega heldur eru samofin orðmyndunum sjálfum:

<bátinn, skipið; ísinn> rekur/rak <þangað, á land, á haf út, til hafs>
 sletta <vatni, drullu, málningu> <á vegginn, út um allt>
 svipta <þjóðina> <frelsi sínu, sjálfstæði>

2.2.1 Staða gagnvart flettumyndum og flettuskipan

Eins og áður hefur komið fram er sú orðabókarlýsing sem hér er til umræðu orðbundin í þeim skilningi að hún felst í því að sýna hvernig tiltekin orð (flettiorð) eru notuð í orðasamböndum. Þar með er gert ráð fyrir að notendur eigi hverju sinni erindi við orðin sem samböndunum er skipað undir fremur en tiltekin sambönd, enda er gengið út frá því að samböndin séu notendum ekki nema að takmörkuðu leyti nærtæk og kunnugleg. Því er eðlilegt að orðasamböndin séu látin birtast notendum undir einyrtum flettum fremur en þeim sé skipað sem sjálfstæðum uppfletteiningum. Tengslin við flettiorðin ráðast þá einkum af því að notendur geti gengið að orðasambandinu undir þeim lið sem eðli málsins samkvæmt er kunnuglegri og líta má á sem kjarnalið sambandsins. Það eykur m.a. mjög hlut nafnorða sem flettiorða, þar sem þau eru að jafnaði kjarnaliðir í orðasamböndum með sögnum og lýsingarorðum. Á hinn bóginn er markmiðið jafnframt að sýna setningarlegt umhverfi flettiorðanna, og því koma orðasambönd einnig að nokkru leyti fram undir stoðliðum sínum (svo sem sambönd nafnorðs og lýsingarorðs undir lýsingarorðinu).

Hið röklega samhengi orðasambands og flettiorðs lýsir sér einnig í því að hér eiga ekki önnur orðasambönd erindi en þau sem eru í skýrum merkingartengslum við flettiorðið og hafa ekki fengið sjálfstæða merkingu sem stingur í stúf við merkingu orðanna sem þau eru mynduð úr (sjá Hausmann 1984).

2.2.2 Staða innan orðsgreina

Í kafla 2.1.2 var gerð grein fyrir stöðu orðasambanda innan orðsgreina í almennri merkingarmiðaðri orðabókarlýsingu. Í orðtengslamiðaðri lýsingu er staðan að nokkru leyti önnur, bæði vegna þess að orðasamböndin eru að hluta til annars eðlis og háðari tengslum sínum við flettiorðið hverju sinni og vegna þess að merkingareinkennum flettiorðsins eru ekki eins ráðandi um efnisskipan innan orðsgreina. Aðalatriðið er þó að í prentaðri (og þar með óhagganlegri) orðabókarlýsingu er erfitt að koma við samræmdri flokkun og röðun orðasambanda, þar sem einkennum sambandanna eru mjög breytileg frá einu flettiorði til annars og orðflokkanir hafa ólíka stöðu innbyrðis.

Þegar ekki er um merkingarbrigði að ræða getur legið beinast við að láta flokkun og röð orðasambandanna mótast af málfræðilegum forsendum, eins og eftirfarandi lýsing á orðinu *lækur* í *Orðastað* ber með sér:

lækur nokk lækur sprettur upp <undan klettunum, í mýrinni>, lækurinn rennur/fellur <eftir túninu; í ána>, lækurinn bugðast <um engjarnar>, lækurinn seytlar <fram af berginu>; lækurinn þornar (upp); stífla/stemma lækinn, beina læknum <frá túninu>; vaða lækinn, brúa lækinn, <detta, falla> í lækinn, <vaða> út í lækinn; <vaða, busla> í læknum, <stökkva; það er brú> yfir lækinn; [ákvæði] rennandi lækur, vatnsmikill/vatnslítill lækur, hreinn/tær lækur, gruggugur lækur; ár og lækir

Hér eru fyrst rakin þau sambönd þar sem flettiorðið er frumlag, síðan sambönd þar sem það kemur fram sem andlag, þá forsetningasambönd, þar á eftir sambönd með lýsingarorði og loks tilgreint hliðskipað samband með orðinu.

Í efnismikilli lýsingu getur þótt eðlilegra að skírskota til skilnings notenda á flettiorðinu (og hugtakinu að baki því) og láta flokkunina eftir föngum endurspegla framvindu sem orðasamböndin birta, eins og gert er í eftirfarandi lýsingu á orðinu *eldur* í *Orðastað*:

eldur nokk kveikja/tendra/slá eld, gera eld, bera eld að <kestinum; húsinu, bænum>, [ásetningur] leggja eld í <húsið>/að <húsinu>; slá eldi í <timbrið>, eldur kviknar/kemur upp (í <húsinu>), eldur(inn) brýst út, eldur er uppi, eldur er laus <í byggingunni>, eldur blossom upp/gýs upp, eldurinn bálast upp, eldur brennur/eldar brenna *skógareldarnir hafa magnast í þurrkunum og nú brenna eldar um allan dalinn*; eldurinn logar (<glatt>) *þegar við komum að húsinu logaði eldur í öllu þakinu*, eldur geisar, eldurinn les sig <um þakið>, eldurinn læsir sig <í viðinn, um húsið>, eldurinn breiðist út (<til næstu húsa>); verða eldinum að bráð; (<reyna að>) æsa/lífga/glæða eldinn, eldurinn glæðist, það snarkar í eldinum; höggva í eldinn, bæta á eldinn, tína sprek í eldinn, skara í eldinn; (<reyna að>) kæfa/kefja eldinn, (<reyna að>) hefta útbreiðslu eldsins, (<reyna að>) ráða niðurlögum eldsins, (<það tókst að>) slökkva eldinn; eldurinn kulnar, eldurinn slokknar, eldurinn er slokknaður/kulnaður/dauður;

Þar sem orðasambönd eiga við ólík merkingarbrigði flettiorðsins verður að greina þau að eftir merkingu og auðkenna merkingarbrigðin með einhverjum hætti. Í lýsingu orðsins *garður* í *Orðastað* er fyrsta merkingarbrigðið haft óauðkennt og látið nægja að auðkenna hin tvö með stuttri ábendingu:

garður nokk **1.** rækta garð, hirða (<vel, illa>) um garðinn, slá garðinn, stínga upp garð(inn); taka upp úr garðinum; garðurinn er í <góðri> rækt, garðurinn fellur í/er kominn í órækt, garðurinn (er að) drabbast niður; <vinna; það er mikið af blómum> í garðinum; <ganga> út í garð, <sitja, vera að dunda> úti í garði; **[ákvæði]** <fallegur, ræktarlegur> garður **2.** **[hlaðinn veggur]** leggja garð, hlaða (upp) garð, reisa garð, garðurinn umlykur <húsið, bæinn, kastalann, fangelsið>; brjóta niður garðinn, garðurinn hrynur **3.** **[bær, heimili]** <fara, leiðin liggur> um garð <þar>, <fara, ríða> fyrir <ofan, neðan> garð (<þar>), <fara> hjá garði, <ríða> í garð, <gesti> ber að garði, <ríða> úr garði

Formlegir þættir eru einnig mikilvæg flokkunaratriði, á sama hátt og í merkingarmiðaðri lýsingu. Þetta á sérstaklega við um lýsingu sagna, þar sem orðasambönd sem tengjast smáorðasamböndum sagnarinnar koma við sögu. Í þeim tilvikum á best við að tilgreina smáorðasamböndin sem (stafrófsraðaðar) undirflettur og skipa orðasamböndunum undir þær, eins og gert er í lýsingu sagnarinnar *kveða* í *Orðastað*:

kveða so **1.** **[ummæli]** kveða svo að orði að-S *hann kvað svo að orði að enginn myndi finnast hennar jafningi*, kveða fast að orði; <hann, hún> kveður/kvað það <satt, rétt> vera **2.** **[kveðskapur]** kveða <kvæði, vísu, brag; níð> (um <þetta>/<hann, hana>), kveða við raust **3.** það/nú kveður við annan tón (hjá <honum, henni>) *hann var ákafur kommúnisti áður fyrr en nú kveður við annan tón* ★ **kveða að** <barnið> er farið að kveða að, kveða að <orðunum> ★ **það kveður að e–m** **[sbr. atkvæðamikili]** það kveður (<mikið, lítið>) að <honum, henni> *hann á að heita formaður en það kveður lítið að honum í stjórnninni*, láta (<mikið, mjög; lítið>) að sér kveða ★ **kveða á (um e–ð)** **[sbr. ákvæði]** <lögin, reglurnar> kveða (<skýrt>) á um <þetta> *reglurnar kveða á um það að ekki megi losa úrgangsefni í sjó*, það er kveðið (<skýrt>) á um <þetta> <í lögunum> ★ **kveða e–ð niður** kveða <þetta; orðróm, sögusögn> niður; kveða niður draug ★ **kveða e–ð upp** **[uppkvaðning]** kveða upp <dóm, úrskurð> ★ **kveða upp úr** **[yfirlýsing]** kveða upp úr (með <þetta>/um <þetta>) *þau kváðu upp úr með það að krakkarnir færu ekki á ballið* ★ **kveða við** allt í einu kvað við mikið öskur innan úr skóginum, á kyrrum kvöldum mátti heyra mikið fuglagarg svo að allt bergið kvað við ★ **það kveður við** það kveður við (<í fjöllumum/hömrurunum>) *ég kallaði hátt svo að kvað við í klettunum í kring*

Hér verður ekki fjallað nánar um flokkunarleiðir og röðunarkosti í þessu sambandi, aðeins undirstrikað með vísun til framangreindra dæma að í orðabókarlýsingu af þessu

tagi er efnisskipan og framsetning orðsgreina í ríkum mæli háð einkennum flettiorðsins og notkun þess og að sama skapi verður síður komið við samræmi en í ýmsum öðrum tegundum orðabókarlýsingar.

3 Orðasambönd í hugtakabundinni orðabókarlýsingu

Í hugtakabundinni orðabókarlýsingu er leitast við að lýsa því orðafari sem á við tiltekið hugtak eða merkingu og myndar þar með merkingarlega samstæðu. Hugtakabundin orðabókarlýsing er einna kunnuglegust í samheitaorðabókum, þar sem viðfangsefnið er að rekja samheitavensl milli orða og tilgreina þau samheiti sem eiga við flettiorðið hverju sinni. Flettiorð samheitaorðabóka eru að því leyti skýrt mótuð af notkun sinni og merkingu að þau geta verið margræð og þannig kallað fram samheiti sem eiga við ólík merkingarbrigði, eins og t.d. kemur fram við flettiorðið *hald* í *Íslenskri samheitaorðabók*:

hald átak, handfesta, tak; festa, festing, haldreipi; athvarf, stoð, stytta; gagn, *hjálp*, not; → *eignarhald*; → *fangelsi*; → *ending*, *veigur*; → *handarhald*; → *nærbrækur*; → *axlaband*; → *álii*; **sem h. er í** → *endingargóður*; **koma að haldi** vera til nokkurs; → *duga*, *gagna*; **koma að engu haldi** → *árangurslaust*; **lúta í lægra haldi** → *fara halloka*.

Í eiginlegum hugtakaorðabókum er lýsingin lítt eða ekki bundin merkingu og merkingarsviði einstakra orða, og orðin koma jafnvel ekki við sögu sem (stafrófsræðaðar) uppflettieiningar heldur er meginskipan orðabókarinnar látin markast af efnislegri (hugtakabundinni) flokkun orðaforðans sem lýsingin tekur til. Þekktasti og sígildur fulltrúi slíkrar orðabókarlýsingar er orðabók Rogets, *Thesaurus of English Words and Phrases*, sem fyrst kom út árið 1852, þar sem efninu er skipað í merkingarflokka en stafrófsröðuð orðaskrá veitir aðgang að viðeigandi flokki út frá einstökum orðum.

Hugtakabundin orðabókarlýsing hefur fyrst og fremst beinst að stökum orðum þótt orðasamböndum geti einnig brugðið fyrir. Efnisskipan samheitaorðabóka leggur út af fyrir sig verulegar hömlur á aðild orðasambanda, sérstaklega sem (tví- eða fleiryrtar) flettieininga innan um orðafluttur (einyrtar flettur). Hins vegar ber talsvert á orðasamböndum sem viðfangseiningum innan orðsgreina, sem samheiti eru tilgreind við á sama hátt og við orðafluttur. Um þetta má t.d. víða sjá dæmi í *Íslenskri samheitaorðabók*:

eftir á eftir; → *meðfram*, *um*; → *samkvæmt*; → *umfram*; **e. á** → *seinna*; **e. sem áður** → *framvegis*; **eiga e.** eiga ógert; **fara á e.**, **koma á e.** → *elta*; **e-ð er e. e-m** → *e-ð er einkennandi* fyrir e-n; **e. sig** → *þreyttur*; **verða á e.** → *dragast aftur úr*; **þar á e.**, **e. það**, **e. þetta** → *síðan*; **vera e.** → *ganga af*; **e. því** → *frá því sjónarmiði*.

sjón sýnd, sýni; sýn; → *vitrun*; → *augskýn*; → *útsýni*; **missa ekki sjónar af** → *fylgjast með*; **ft sjónir** → *augu*; **fasta s. á** → *sjá*; **koma fyrir s.** → *birtast*; → *virðast*; **leiða e-m fyrir s.** → *koma e-m í skilning um, útskýra*; **setja e-m fyrir s.** → *brýna fyrir e-m*; **setja sér fyrir s.** → *ímynda sér*; **villa e-m s.** → *blekkja e-n*; **villa s. e-s blinda**; **leiða sjónum** horfa á, *sjá*; **hulinn sjónum** → *ósýnilegur*.

Fjölmörg orðasambönd eru bundin samheitaavenslum við önnur orðasambönd og stök orð og eru þar með fullgilt viðfangsefni í samheitalýsingu. En þegar aðgangsskipanin takmarkast við stafrófsraðaðar orðaflettur eins og almennt tíðkast í samheitaorðabókum er erfitt að gera orðasamböndum fullnægjandi skil. Samböndin eru óhjákvæmilega ógreið aðgöngu, erfitt er að gera sér grein fyrir undir hvaða flettiorð þeim er skipað og innbyrðis skipan þeirra innan orðsgreina getur ekki nema að takmörkuðu leyti verið reglubundin. Aðild þeirra sem eins konar undirflettna er einnig til þess fallin að gera efnisatriðin við flettiorðið enn ósamstæðari en ella. Af þessum sökum er hætt við að hlutur orðasambanda í samheitalýsingu sé bæði óskýrari og rýrari en efni standa til. Að vísu eru ekki hömlur á að tilgreina orðasambönd sem samheiti en erfitt er að tryggja að allt það efni skili sér sem viðfangseiningar til notenda til jafns við stök orð.

Í ljósi þessa er rétt að leggja áherslu á að flettiorð samheitaorðabókar eru ekki fulltrúar eða samnefnarar tiltekinnar merkingar sem eiga sér svo og svo mörg samheiti, heldur eru þau virk í öllum þeim merkingarhlutverkum sínum sem finna má samheiti við, auk þess sem þau eru inngangshlið að orðasamböndum þar sem óskyldar og sundurleitar merkingar eiga í hlut. Ef markmiðið er að láta orðsgreinina aðeins rúma samheiti eða annað merkingarlega samstætt orðafar verður að gera flettiorðið einrætt og líta á það sem hugtaksheiti en ekki sem eiginlegt orð með tilheyrandi margræðni og öðrum málnotkunarlegum eigindum. Slík lýsingaraðferð á ekki aðeins við um stök orð heldur einnig og enn frekar um orðasambönd, og raunar má segja að í henni felist lykillinn að því að orðasambönd fái að njóta sín í hugtakabundinni orðabókarlýsingu.

3.1 Tvíþættur aðgangur að lýsingunni

Í orðtengslamiðaðri orðabókarlýsingu eins og þeirri sem viðhöfð er í *Orðastað* eru orðasamböndin í formlegum tengslum við flettiorðið hverju sinni. Því getur verið fullnægjandi að láta flettiorðaskrána eina veita aðgang að lýsingunni og treysta meðfram á glöggskyggni og ályktunarhæfni notenda að því er varðar staðsetningu einstakra sambanda. Í hugtakabundinni lýsingu orðasambanda er allt önnur staða uppi að þessu leyti. Þar verður ekki gengið að flettiorðunum (yfirskriftum orðsgreinanna) út frá formlegu samhengi við orðasamböndin svo að nauðsynlegt er að veita tvíþættan aðgang að lýsingunni, þ.e. bæði út frá merkingarlegum og formlegum eigindum orðasambandanna. Hinn merkingarlegi aðgangur er þá bundinn við hugtakaheitin en hinn formlegi aðgangur fæst með því að skipa orðasamböndunum í samfellda stafrófsraðaða skrá undir þeim orðum sem þau eru myndað úr.

Best er að útskýra þetta með því að líta til orðasambanda þar sem merkingin er í óskýrum tengslum við grunnmerkingu einstakra orða í sambandinu. Um það má taka eftirfarandi dæmi um orðasambönd með sögnunum *leggja* og *setja*:

leggja niður rófunu
 leggja saman tvo og tvo
 leggja spilin á borðið
 leggja stein í götu <hans, hennar>
 setja hnefann í borðið
 setja sig á háan hest

Ef leitað er að samheitum þessara orðasambanda og öðrum merkingarskyldum samböndum er lítil stoð í merkingu einstakra orða sem þau hafa að geyma. Hins vegar liggur næsta beint við að tengja þau við skýr hugtakaheiti sem ætla má að sameini fleiri orðasambönd:

leggja niður rófunu → UPPGJÖF
 leggja saman tvo og tvo → ÁLYKTUN
 leggja spilin á borðið → HREINSKILNI
 leggja stein í götu <hans, hennar> → HINDRUN
 setja hnefann í borðið → MÓTMÆLI
 setja sig á háan hest → DRAMB/HROKI

Fyrsta hugtaksheitið, UPPGJÖF, getur sameinað ýmis merkingarlega skyld orðasambönd, svo sem:

leggja niður vopn(in)
 leggja árar í bát
 leggja hendur í skaut
 missa móðinn
 lyppast niður
 springa á limminu
 hlaupa frá <öllu saman>

En tengslin við hugtakaheitin eru vitaskuld misjafnlega skýr svo að notendur þurfa einnig að geta nálgast viðkomandi lýsingu með því að styðjast við hinn formlega búning orðasambands sem þeim kemur í hug að tengja við hugtakið. Ef áhugi notandans beinist að merkingarsviði sem hann gerir sambandið *leggja spilin á borðið* að fulltrúa fyrir þarf hann að geta gengið að raðaðri skrá um þau orðasambönd sem hafa að geyma meginorðin *leggja*, *spil* og *borð*:

borð

bera hærri hlut frá borði → SIGUR
 berja í borðið → ÁKVEÐNI, MÓTMÆLI

deila beði og borði með <honum, henni> → SAMBÚÐ

hafa borð fyrir báru → FYRIRHYGGJA

...

leggja spilin á borðið → HREINSKILNI

...

sjá sér leik á borði → TÆKIFÆRI

...

leggja

leggja að <honum, henni> → HVATNING, ÞRÝSTINGUR

leggja að sér → ÁREYNSLA, DUGNAÐUR

leggja agn fyrir <hann, hana> → FREISTING

...

leggja spilin á borðið → HREINSKILNI

...

leggja taum við <útgjöldin> → TAKMÖRKUN

...

leggja upp laupana → UPPGJÖF

...

spil

gægjast í spilin hjá <honum, henni> → FORVITNI

hafa <góð> spil á hendi → AÐSTAÐA

halda <vel> á spilunum → FRAMMISTAÐA

leggja allt á eitt spil → FYRIRHYGGJULEYSI, GLANNASKAPUR

leggja spilin á borðið → HREINSKILNI

spila <vel> úr spilunum → FRAMMISTAÐA

...

Hér má ganga greiðlega að viðkomandi orðasambandi þar sem stafrófsröð sambandanna (miðað við upphafsorð) er látin ráða skipaninni hverju sinni. Skylt er taka fram að röðun orðasambandanna er flóknari en hér kemur fram, en um þann vanda verður nánar fjallað í kafla 3.6.

3.2 Hugtakaheiti

Merkingarleg flokkun orðasambandanna og birting þeirrar flokkunar í flettuskrá orðabókarinnar er vandasamt úrlausnarefni. Sá kostur sem hér verður kynntur er í því fólgin að merkingarlega samstæð sambönd eru felld undir sameiginlegt hugtaksheiti og hugtaksheitin í stafrófsröð látin mynda flettuskrá orðabókarinnar. Þessi skipan byggist á þeirri afstöðu að notendum komi best að geta nýtt sér eftir föngum nærtæk og kunnugleg orð sem yfirskriftir og samnefnara merkingarlega samstæðs orðafars og að slík

heiti henti best til að tengja saman skýrar og hæfilegar merkingarheildir hverju sinni. Stafrófsröð hugtakaheitanna kemur þeim notendum síðan að góðu haldi sem eru orðnir handgengnir orðabókarlýsingunni. Hins vegar er þessi kostur ekki til þess fallinn að skipa efninu í heildstætt stigveldisbundið kerfi, eins og ákjósanlegt gæti þótt að ná fram. En þess er þá að gæta að í hugtakabundinni orðabók er flettuskráin eða heita-kerfið sjálft ekki eina verkfærið til uppflettingar heldur á notandinn þess kost að beina uppflettingunni að orðasamböndunum sjálfum, eins og síðar verður gerð grein fyrir.

Það er næsta augljóst að hugtakaheitin eru ekki sjálfgefin fyrir fram þótt ýmis heiti liggja nokkuð beint við, eins og dæmi komu fram um hér að framan. En þótt heitavalið sé í eðli sínu býsna frjálst eru því settar mikilvægar skorður. Í fyrsta lagi verður hvert heiti að vera einrætt að merkingu, og orðasamböndin sem undir það falla verða öll að endurspegla þá merkingu sem um ræðir. Til að ná fram viðeigandi heiti og til að rýmka um eða hnitmiða þá merkingu sem tiltekið orð vísar til getur átt við að grípa til tvíyrtra hugtakaheita: ÁREYNSLA/ERFIÐI, EFTIRVÆNTING/TILHLÖKKUN, EINLÆGNI/HEILINDI, HRIFNING/AÐDÁUN, RÓGUR/ILLMÆLGI. Þá er æskilegt að heitin séu sem samstæðust að formi. Það skilar sér best með því að öll heitin séu sett fram í mynd nafnorða, eins og dæmi hafa verið sýnd um hér að framan. Sú krafa leiðir að vísu til þess að heppilegt og lýsandi heiti getur verið vandfundið og óhjákvæmilegt getur verið að seilast lengra til nafnorðamyndunar en gert er í almennu máli. En með því að binda heitin við nafnorð mynda þau skýrari og samstæðari heild en ella og notendur geta betur getið sér til um heitin.

Þegar heitin eru valin á þennan hátt fer ekki hjá því að merking þeirra skarist að einhverju leyti og tvö eða fleiri heiti séu náskyld að merkingu, enda getur sama orðasambandið verið að finna undir fleiri en einu heiti. Því er nauðsynlegt að vísa hverju sinni til nálægra heita svo að notendur eigi þess kost að virða fyrir sér stærri merkingarheildir eða þræða nýjar leiðir að því efni sem ætlunin var að athuga. Við heitið BÁGINDI má t.d. hugsa sér að vísað sé til hugtakaheita eins og ERFIÐLEIKAR, MÓTLÆTI, VANDRÆÐI, EINSEMD, HUNGUR, AFKOMA/LÍFSKJÖR, FRAMFÆRSLA OG FJÁRHAGUR.

3.3 Val og framsetning orðasambanda

Val orðasambanda í hugtakabundinni lýsingu ræðst eðli málsins samkvæmt fyrst og fremst af merkingarlegum þáttum. Forsendurnar fyrir valinu eru því aðrar en í orðbundinni lýsingu og það kemur beinlínis fram í því að orðasamböndin eru sumpart ólíkrar tegundar. Það felst einkum í því að í hugtakabundinni lýsingu eru orðtök fyrirferðarmikil, en í orðbundinni lýsingu orðasambanda eiga þau síður heima, þar sem merking þeirra stenst illa á við merkingu þeirra flettiorða sem til greina koma. Hið sama gildir um viðkvæði, sambönd sem fela í sér afstöðu mælandans til þess sem um er rætt (sambönd eins og *ja hérna*, *biddu fyrir þér*, *djöfullinn danskur*, *ekki nema það þó*). Þá geta málshættir átt erindi í hugtakabundna lýsingu, enda eru margir málshættir einnig notaðir sem viðkvæði: *hver er sjálfum sér næstur*, *illu er best aflokið*, *kapp er best með forsjá*.

Ef litið er á þá tvenns konar lýsingu orðasambanda sem hér er til umræðu sem samstæð orðabókarverk, er eðlilegt að framsetning og snið orðasambandanna sé sem líkast.

Eðlismunur lýsingarinnar veldur þó ákveðnum greinarmun sem rétt er að staldra við. Í orðbundinni lýsingu er verulegt svigrúm til að sameina hliðskipuð orð og sambönd innan breytileika, og það getur beinlínis verið keppikefli að sýna sem mesta fjölbreytni í notkun og merkingu. Í hugtakabundinni lýsingu er merking orðasambandanna einskorðuð og því er svigrúm til breytileika takmarkað. Lýsandi dæmi um þennan mismun eru orðasambönd með stigbundnum breytileika og valfrjálsri neitun. Í orðbundinni lýsingu er eðlilegt að sameina slíkan breytileika. Í hugtakabundinni lýsingu á það hins vegar ekki við, þar sem um gagnstæða merkingu er að ræða:

leggja trúnað á orð <hans, hennar> → TRAUST

leggja <lítinn, engan, ekki> trúnað á <orð hennar> → TORTRYGGNI

sitja auðum höndum → AÐGERÐALEYSI

sitja ekki auðum höndum → DUGNAÐUR

En aðgreining hliðstæðra sambanda þarf að ná lengra en til merkingarlegs breytileika. Samræð tilbrigði orðasambanda með orðkvæðum breytileika (þar sem meginorð er breytilegt án þess að merking raskist) þarfnast einnig aðgreiningar með tilliti til stöðu orðasambandsins (tilbrigða þess) gagnvart orða- og orðasambandaskránni. Þar þurfa bæði (öll) tilbrigðin að vera jafn sýnileg og tiltæk til uppflettingar:

leggja niður skottið

leggja niður rófuna

renna upp eins og fífill í haga

renna upp eins og fífill í túni

Sérstaða orðasambanda í hugtakabundinni lýsingu tekur þannig bæði til formlegra og merkingarlegra þátta, auk þess sem hún snertir notkunarhlutverk orðasambandanna.

3.4 Staða gagnvart flettuskipan

Í orðbundinni lýsingu verður að meta og ákveða undir hvaða flettiorð orðasamband er sett, út frá því hvaða hlutverki hugsanleg flettiorð gegna í orðasambandinu. Í hugtakabundinni lýsingu er vandinn í því fólgin að meta hversu vel hugtaksheitið hæfir þeirri merkingu sem býr í orðasambandinu. Þá getur háttað svo til að tvö eða fleiri skyld heiti komi til greina, og niðurstaðan getur verið sú að láta orðasambandið birtast undir tveimur eða fleiri heitum:

leggja allt á eitt spil → FYRIRHYGGJULEYSI, GLANNASKAPUR

róa að því öllum árum að <styrkja stöðu sína> → ÁKVEÐNI, VIÐLEITNI

ausa <hann, hana> auri → RÓGUR/ILLMÆLGI, SKAMMIR

bjóða <honum, henni> birginn → KJARKUR, ÖGRUN

Hitt er sjaldgæfara, að orðasamband tengist tveimur skýrt aðgreindum merkingum:

bera <hann, hana> út → BROTTREKSTUR, RÓGUR/ILLMÆLGI

3.5 Staða innan orðsgreina

Í hugtakabundinni lýsingu orðasambanda verður ekki nema að takmörkuðu leyti gengið að skýrum og áþreifanlegum röðunarþáttum þegar ákvarða á innbyrðis skipan orðasambandanna innan orðsgreina. Það fer eftir því hversu þröngt eða rúmt hugtakið er afmarkað og hvernig merkingarvenslum orðasambandanna er háttað hvort og í hvaða mæli ástæða er til að láta merkingarleg einkenni ráða ferðinni. Ef merkingin er einsleit reynir minna á slíka flokkun svo að hægara er að vekja athygli á formlegum einkennum, t.d. stilla saman samböndum sem sýna tilbrigði við sameiginlegan stofn. Setningarlegir þættir koma einnig til greina í þessu sambandi, t.d. þannig að atviksliðum með samstæðri merkingu sé skipað saman. Þá kemur til álita að gefa gaum að notkunarbundnum einkennum, sérstaklega að því er varðar viðkvæði og málshætti.

Niðurstöðu slíkrar flokkunar má beina að notendum með þrennum hætti. Í fyrsta lagi getur innbyrðis röð orðasambandanna (þar sem samstæðum samböndum er stillt saman) ein og sér talað sínu máli. Í öðru lagi má koma fyrir skýringum og ábendingum um einkenni sem eiga við ákveðnar samstæður innan orðsgreinarinnar, jafnvel samfara heildarflokkun á orðasamböndunum sem greinin hefur að geyma. Í þriðja lagi má hugsa sér að auðkenna sérstaklega orðasambönd tiltekinnar tegundar til að auðvelda notendum að koma auga á þau óháð efnisskipaninni í heild.

Hér gefst ekki rúm til að gera frekari grein fyrir útfærslu þessarar flokkunar. Þótt æskilegt sé að ná fram sem mestu samræmi í efnisskipan verður að gera ráð fyrir að flokkunarþættirnir vegi misjafnlega þungt og móti lýsingu hugtakanna á ólíkan hátt. Slíkt ósamræmi þarf ekki að vera notendum til mikils óhagræðis, þar sem hugtaksheitið bindur hverju sinni saman náskýlt orðafar og orðsgreinin myndar þannig þetta heild. Notendur eiga í enn ríkari mæli en gagnvart orðbundinni lýsingu erindi við orðsgreina í heild sinni og að sama skapi síður erindi við einstök orðasambönd.

3.6 Heildarskrá um orð og orðasambönd

Hversu vel sem til tekst við val hugtakaheitanna og þá flokkun sem þar er að baki dugir heitaskráin ekki ein sér til að tryggja notendum aðgang að orðabókarlýsingunni. Notendur þurfa einnig að geta fetað slóðina að viðeigandi hugtaki út frá hverju því orðasambandi sem í huga þeirra tilheyrir því merkingarsviði sem þeim leikur forvitni á að athuga. Til þess dugir ekki annað en stafrófsröðuð heildarskrá um öll orðasambönd sem orðabókin hefur að geyma. Þótt formsins vegna væri hægt að láta orðasamböndin mynda eina samfellda skrá er raunhæfara og haganlegra að skipa samböndunum undir stök orð, þ.e. ákvarða fyrst við hvert orðasamband undir hvaða lykilorð (eitt eða fleiri) það kæmi og láta lykilorðin síðan mynda samfellda stafrófsraðaða skrá.² Síðan yrði orðasamböndunum stafrófsraðað undir hverju lykilorði fyrir sig.

²Hér er notað heitið **lykilorð** um flettiorð í þessu hlutverki, til aðgreiningar frá því hlutverki sem **flettiorð** gegna í orðbundinni lýsingu.

3.6.1 Val og framsetning lykilorða

Val lykilorða þarf einkum að tryggja að öll meginorð innan orðasambandanna séu virk til uppfléttingar. Eðlilegt er að binda valið í stórum dráttum við inntaksorð, en forsetningar og önnur kerfisorð geta þó þurft að gegna hlutverki lykilorða þegar ekki er um önnur orð að ræða. Orð innan breytliða koma hins vegar ekki til greina sem lykilorð. Til að orðasamböndin séu sem aðgengilegust þarf einnig að velja viðeigandi flettimyndir lykilorðanna og samræma framsetningu þeirra. Þar er þess að gæta að notkunaraðstæður eru fyrst og fremst bundnar málbeitingu og það orðasamband sem flett er upp á er beinlínis valið vegna þess að notandinn hefur það á valdi sínu og lítur á það sem álitlegan fulltrúa þeirrar merkingar sem áhugi hans beinist að. Því kemur sér vel að flettimyndirnar fari tiltölulega nærri þeim orðmyndum sem fram koma í orðasambandinu. Til að ná því fram þarf að sýna meiri fjölbreytni í flettimyndum en hefð er fyrir í íslenskum orðabókum. Þetta á t.d. við um hvorugkynsmyndir lýsingarorða og lýsingarháttar sem eru óháðar kynmörkuðum nafnliðum:

láta einskis *ófreistað* til að <komast að sannleikanum>
 það er *útséð* um að <við ljúkum þessu í kvöld>
 <honum, henni> er ekki *fisjað* saman
 <honum, henni> er *uppsigað* við <kennarann>
 láta sér *umhugað* um <hann, hana>

Hér á best við að láta skáletruðu orðmyndirnar koma fram óbreyttar sem flettimyndir. Þetta á einnig við um hvorugkynsmyndir lýsingarorða í hlutverki atviksorðs:

bera *bratt* halann
 ganga *hreint* til verks
 tala *þvert* um hug sér
 <salan hefur aukist, íbúunum fjölga> *jafnt og þétt*

Á sama hátt er ástæða til að gera ýmsar stigbreyttar myndir lýsingarorða að beinum flettimyndum:

vera <honum, henni> *betri* en enginn
 bregða undir sig *betri* fætinum
 snúa <öllu> á *verri* veg (fyrir <honum, henni>)
 vera *meiri* í orði en á borði
 vera *fremstur* meðal jafningja
 ráðast ekki á garðinn þar sem hann er *lægstur*

Þá er athugandi að láta fleirtölumyndir nafnorða njóta sín sem flettimyndir þegar ætla má að fleirtalan sé notendum nærtækari gagnvart orðasambandinu en eintölumyndin, svo sem myndin *bönd* í eftirfarandi samböndum:

böndin berast að <honum, henni>
 koma böndum á <útgjöldin>
 leggja bönd á <verðbólguna, eyðsluna>

Hér vegast þó á þau sjónarmið að velja sem nærtækasta flettimynd og að birta sem skýrasta og fjölbreyttasta mynd af notkun og stöðu einstakra orða í orðasamböndum. Ef síðara sjónarmiðið er látið ráða er ástæða til að sameina sem flest undir gildustu flettimyndum orðanna. Þetta gildir einkum um þau orð sem koma fram í mörgum orðasamböndum og þá ekki síst um fyrirferðarmiklar sagnir. Frá því sjónarmiði er óheppilegt að tilgreina sagnir með smáorði eða smáorðasamböndum sem tví- og fleiryrt lykilorð.

3.6.2 Flokkun og röðun undir lykilorðum

Það fer að nokkru eftir framsetningu orðasambandanna hvernig best er að haga innbyrðis röð þeirra undir lykilorðunum. En í meginatriðum verður að láta stafrófsröð sambandanna ráða ferðinni. Slík röðun er skýr og vandkvæðalaus þegar um er að ræða hreina sagnliði þar sem sambandið hefst á nafnhætti sagnarinnar:

bera af sér lagið
 bera ábyrgð á <slysinu>
 bera blak af <honum, henni>
 bera brigður á <orð hans>
 bera fyrir sig <minnisleysi; annríki>
 bera gæfu til að <koma á friði>
 bera hönd fyrir höfuð sér

Hér er frumlag sambandanna haft ótilgreint til marks um (óbeina) vísun til lifandi fólks. Þegar vísað er til hluta og fyrirbæra er frumlagið hins vegar tilgreint í breytliði:

<þessi deilumál> ber á góma
 <þetta; ferðina> ber bráðan að

Breytliðir koma ekki aðeins við sögu fremst í orðasamböndum heldur er þá einnig víða að finna í inn- og bakstöðu. Til að ná fram reglulegri röðun verður að ákveða röðunargildi breytliða og meta hvort gildið skuli vera hið sama hver sem staða þeirra er innan orðasambandsins. Til að átta sig betur á þessu er rétt að huga fyrst að sagnasamböndum með breytliði í innstöðu:

halda <starfinu, baráttunni> áfram
 halda <reglurnar> í heiðri
 halda <útgjöldunum> í skefjum
 halda <sjúkdómnum> niðri
 halda <bréfunum> til haga

Út frá þessum dæmum má skoða nánar þá tvo kosti sem einkum koma til greina þegar röðunargildi breytliða er ákveðið:

- úthluta afmörkunartáknum breytliðar ákveðnum stafrófssætum (t.d. tveimur öftustu sætunum) og láta stafrófsröðina gilda að fullu
- úthluta fremra afmörkunartákni breytliðar ákveðnu stafrófssæti (t.d. aftasta sætinu) en gera breytliðinn að öðru leyti óvirkan við röðunina

Ef fyrri kosturinn er valinn færast saman orðasambönd með sameiginlegu eða samstæðu upphafi breytliðar. Sú tilhögun á t.d. vel við þegar breytliðurinn er bundinn vísun til persónu:

leggja <honum, henni> lið
 leggja <honum, henni> lífsreglurnar
 leggja <honum, henni> ráð
 leggja <honum, henni> til ámælis að <hafa ekki brugðist við>
 leggja <honum, henni> vopn í hendur

Áhrif þessarar röðunar verða enn sýnilegri gagnvart framstæðum breytlið:

<bókina> ber á fjörur <mínar>
 <ferðina> ber brátt að
 <hann, hana> ber af leið
 <hann, hana> ber upp á sker
 <honum, henni> ber að <greiða skaðabætur>
 <honum, henni> ber skylda til að <veita umbeðnar upplýsingar>
 <honum, henni> ber <margt> fyrir eyru
 <kirkjuna> ber við loft
 <þeim> ber saman um <þetta>
 <þeim> ber <mikið> á milli
 <þeir, þær, þau> bera saman bækur sínar
 <þeir, þær, þau> bera saman ráð sín
 <þessa atburði> ber á góma

Hér raðast frumlagsliðirnir eftir upphafi breytliðarins og með því færast einstakar fall- og tölumyndir persónuvísandi frumlags saman. Hins vegar hefur sagnmyndin og þau orð sem fara á eftir sögninni ekki áhrif á röðunina nema gagnvart orðasamböndum með sams konar frumlagslið.

Ef síðari röðunarkosturinn er valinn fær næsta orð aftan við breytlið röðunargildi eftir að fremra afmörkunartákni breytliðarins sleppir. Niðurstaða þeirrar röðunar gagnvart sagnasamböndunum hér á undan yrði þessi:

<honum, henni> ber að <greiða skaðabætur>
 <hann, hana> ber af leið
 <bókina> ber á fjörur <mínar>
 <þessa atburði> ber á góma
 <ferðina> ber brátt að
 <þeim> ber saman um <þetta>
 <honum, henni> ber skylda til að <veita umbeðnar upplýsingar>
 <hann, hana> ber upp á sker
 <kirkjuna> ber við loft
 <honum, henni> ber <margt> fyrir eyru
 <þeim> ber <mikið> á milli
 <þeir, þær, þau> bera saman bækur sínar
 <þeir, þær, þau> bera saman ráð sín

Hér tapast samhengi frumlagsliðanna að verulegu leyti en samhengi sagnmynda og sagnarsambanda verður að sama skapi sýnilegra. Gildi þessarar röðunar er því meira eftir því sem sambandið utan breytiliðarins hefur sjálfstæðari stöðu og er hvað greinilegast gagnvart atvikslegum orðasamböndum með sameiginlegu nafnorði þar sem sögnin (og frumlagið) er innan breytiliðar:

<koma, mæta> á réttum tíma
 <koma heim> á tilsettum tíma
 <málið verður rétt> ef tími vinnst til
 <panta gistingu> í tíma
 <tala um þetta> í tíma og ótíma
 <viðhorfin hafa breyst> í tímans rás
 <sárið grær> með tíð og tíma
 <liturinn dofna> með tímanum
 <skipuleggja starfið> til <langs> tíma
 <málið var í óvissu> um tíma
 <hér getur vaxið skógur> þegar tímar líða

Hér kemur sér greinilega best að færa atviksliðina saman en raða þeim síðan innbyrðis eftir fremsta orði aftan við breytilið.

Ljóst er af þessum dæmum að hvor tveggja röðunarkosturinn hefur sitt gildi og að gildið er breytilegt eftir því um hvers konar orðasambönd er að ræða og undir hvaða orðflokk samböndunum er skipað. Segja má að hér komi fram á áþreifanlegan hátt þau takmörk sem fastri og samræmdri efnisröðun eru sett í prentaðri orðabókarlýsingu. Í rafrænni framsetningu má bjóða notendum ólíka röðunarkosti auk beinnar leitar að tilteknum efnisatriðum. Ágallar fastrar og samræmdrar röðunar segja þó minna til sín en ætla mætti að því leyti að í meiri hluta tilvika gefst kostur á að velja á milli tveggja eða fleiri lykilorða og með því móti má oft sneiða hjá þeim lykilorðum þar sem röðunarreglan

á illa við. En á hitt er að líta að orða- og orðasambandaskráin hefur að nokkru leyti sitt sjálfstæða gildi þegar í hlut eiga orð sem birta fjölbreytilegt notkunarmynstur. Því er mikilvægt að notendur geti gengið að sem skýrastrí skipan orðasambandanna undir veigamiklum lykilorðum.

Hér verður ekki gert endanlega upp á milli þeirra röðunarkosta sem lýst hefur verið né sett fram heildarregla um röðun orðasambanda undir lykilorðum. Að öllu samanlögðu virðist fyrri röðunarkosturinn heppilegri en til greina kemur að móta röðunarreglu sem að einhverju leyti sameinar kostina tvo, t.d. með því að bæta við röðunarþætti sem kallar fram stafrófsröð sjálfstæðra orðasambanda (einkum atviksliða) í innstöðu óháð orðum innan undanfarandi breytliðar. En slíka millileið verður að vega og meta með tilliti til þess hversu mikið er um lykilorð þar sem stafrófsröð sjálfstæðra orðasambanda rofnar á óheppilegan hátt.

Sá röðunarvandi sem við er að glíma hlýst að miklu leyti af því að leitast er við að láta orðasamböndin koma fram í óskertri mynd undir lykilorðunum. Reyndar er hér gert ráð fyrir því að valfrjálsir liðir (sem afmarkaðir eru með svigum) falli brott í orða- og orðasambandaskránni. Með því að skerða orðasamböndin frekar, t.d. með því að nema brott breytliði framan við atviksleg sambönd, mætti einfalda vandann, en við það myndi upplýsingagildiskrárinnar minnka og samræmi hennar við orðabókartextann myndi raskast.

4 Lokaorð

Í þessari grein hefur verið fjallað um stöðu orðasambanda í ólíkum tegundum orðabókarlýsingar. Í orðbundinni lýsingu einkennist staða orðasambanda af því að þau eru háð flettiorðavali og flettiorðaskipan orðabókarinnar og hlutverk þeirra er að miklu leyti samofið lýsingu flettiorðanna, sem tekur bæði til formlegra og merkingarlegra eiginda. Í hugtakabundinni lýsingu gefst færi á að gera orðasamböndum sjálfstæðari skil og draga fram sameiginleg merkingareinkenni þeirra. Frá sjónarmiði notenda er meginkostur þeirrar lýsingar fólgin í því að aðgangur að orðabókartextanum er tvíþættur, annars vegar um hugtakaheiti sem sameina merkingarlega samstætt orðafar, hins vegar um orðasamböndin sjálf. Heildarskrá um orð og orðasambönd hefur að nokkru leyti sjálfstætt gildi með því að birta notkunarmynstur einstakra orða. Orðtengslamiðuð framsetning orðasambandanna á jafnt við í orðbundinni sem hugtakabundinni lýsingu þótt upplýsingar um nálæga setningarliði þurfi að vera knappari og hnitmiðaðri í hinni síðarnefndu. Með samræmdri framsetningu er jafnframt lögð áhersla á að saman mynda þessar tvær orðabókargerðir samstæða heild, þar sem notandinn getur í fyrsta lagi athugað hvernig orðasambönd einkenna notkun og notkunarhlutverk einstakra orða, í öðru lagi virt fyrir sér stafrófsröðuð mynstur orðasambanda og í þriðja lagi séð hvernig orðasambönd tengjast merkingarlega undir stafrófsröðuðum hugtakaheitum.

5 Heimildir

- Bérkov, V.P. 1962. *Íslensk rússnesk orðabók*. Með aðstoð Árna Böðvarssonar. Ráðgefandi ritstjóri Árni Bergmann. Moskva.
- Burger, H. 1989. Phraseologismen im allgemeinen einsprachigen Wörterbuch. *Wörterbücher. Dictionaries. Dictionnaires. Ein internationales Handbuch zur Lexikographie* I. 593–599. de Gruyter, Berlin/New York.
- Cowie, A.P. 1998. *Phraseology. Theory, Analysis, and Applications*. Oxford University Press, Oxford.
- Hausmann, F.J. 1984. Kollokationen im deutschen Wörterbuch. Ein Beitrag zur Theorie des lexikographischen Beispiels. *Lexikographie und Grammatik, Akten des Essener Kolloquiums zur Grammatik im Wörterbuch* 28.–30.6. 1984: 118–129. Ritstjórar: Henning Bergenholtz og Joachim Mugdan. Max Niemeyer Verlag, Tübingen.
- Íslensk orðabók handa skólum og almenningi*. 1983. Önnur útgáfa aukin og bætt. Ritstjóri: Árni Böðvarsson. Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík.
- Íslensk samheitaorðabók*. 1985. Ritstjóri: Svavar Sigmundsson. Styrktarsjóður Þórbergs Þórðarsonar og Margrétar Jónsdóttur, Reykjavík.
- Jón G. Friðjónsson. *Mergur málsins*. 1993. Örn og Örlygur, Bókaklúbbur, Reykjavík.
- Jón Hilmar Jónsson. 1994. *Orðastaður. Orðabók um íslenska málnotkun*. Mál og menning, Reykjavík.
- Jón Hilmar Jónsson. 1995. Verbgrammatikk i islandske tospråklige ordbøker med islandsk som kildespråk. *LexicoNordica* 2: 65–78.
- Jón Hilmar Jónsson. 1998. Glíman við orðasamböndin. *Orð og tunga* 4:17–24.
- Jón Hilmar Jónsson. 1999. Levende eller død: Refleksjoner omkring fremstillingen av leksikografiske eksempler. *Nordiske studier i lexikografi* 4: 195–203. Ritstjórar: Peter Slotte, Pia Westerberg, Eva Orava. Helsingfors.
- Nordisk leksikografisk ordbok*. 1997. Ritstjórar: Henning Bergenholtz, Ilse Cantell, Rut Vatvedt Fjeld, Dag Gundersen, Jón Hilmar Jónsson, Bo Svensén. Universitetsforlaget, Oslo.